

JÓLA-VERS.

Lag: *Adeste fideles* (Come hither, ye faithful).
 Ó, komum og fögnum! því himinsins hnoss
 nú hingað á jörðu það fæðst hefur oss,
 vor frelsari, kærleikans fegursta rós.
 ,:, Ó, fagnandi kveikjum, ,:
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Guðs eingetinn sonur,—vor ellifa sól
 nú upprann af hæðum með gleðileg jól—
 vort hjálpræði, fögnuður, friður og hrós.
 ,:, Ó, fagnandi kveikjum, ,:
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Hann tilbiðja himnar. Ó, tak undir jörð
 og tilbið þinn drottin með fagnaðar-gjörð!
 Þinn lofsöngur fossi sem fljótið að ós.
 ,:, Ó, fagnandi kveikjum, ,:
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Blessunin, sem Jesús færði okkur.

Stór stúlka:

Er frelsarinn Jesús fæddist
 forðum hér jörðu á,
 hvað færði barnið það besta,
 börnin míni ! okkur þá?

*Sjö litlar stúlkur:**Fyrsta barn:*

Blessun hann færði' okkur besta
 börraunum öllum þá:
 Allir, sem á hann trúa,
 ellifa lífið fá.

Annað barn:

Í villunnar myrkur vonda
 varpaði' hann ljósi sín',
 ljósi, sem alt af öllum
 inndælla' og bjartar skín.

Priðja barn:

Vonley síð alt, sem vafðist
 voða-kalt hjörtunum að,